

Snæfellsbær
Ársreikningur
2024



Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Hellissandur
Kt. 510694-2449

Snæfellsbær

Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-21
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsl. uppl.	22

Aritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Snæfellsbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Starfseminni er skipt í A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta (sveitarstjóður) telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar sem eru: Félagsheimilið Klifi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalarheimilið Jaðar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 4.010 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.623 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 3.186 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 2.873 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð að fjárhæð um 437 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 167 milljónum króna jákvæðri afkomu. Rekstrarafkoma A hluta var jákvæð að fjárhæð 239 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu um 105 milljónum króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 5.807 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 4.187 milljónum króna.

Hlutfall reglulegra tekna af heildarskuldum og skuldbindingum er 43,11% hjá sjóðum A-hluta, en var 47,83% árið 2023, og 33,10% í samanteknum ársreikningi en var 37,05% árið 2023. Skv. 64. gr. 2. málsg. sveitarstjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.

Íbúafjöldi í Snæfellsbæ 1. desember 2024 var 1748 og var fjölgun um 51 einstakling frá fyrra ári.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

Ársreikningur Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Snæfellsbær 10. apríl 2025

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

Snæfellsbær 8. maí 2025

Bæjarstjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Snæfellsbæjar fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Snæfellsbæjar á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Snæfellsbæ í samræmi við alþjóðlegar siðareglur og settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra og yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Snæfellsbær 8. maí 2025

Deloitte ehf.

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		2024	Áætlun 2024	2023	2024	Áætlun 2024	2023
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóða	3	1.935.805	1.845.000	1.810.137	1.935.805	1.845.000	1.810.137
Framlag úr jöfnunarsjóði	3	788.446	661.700	756.814	788.446	661.700	756.814
Aðrar tekjur	3	461.341	365.990	342.218	1.285.875	1.116.649	1.172.470
		3.185.592	2.872.690	2.909.169	4.010.126	3.623.349	3.739.422
Laun og launatengd gjöld	4	(1.663.544)	(1.468.380)	(1.523.098)	(2.032.086)	(1.838.275)	(1.878.172)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	4	(69.552)	(30.000)	(110.682)	(74.891)	(30.000)	(117.722)
Annar rekstrarkostnaður		(1.078.199)	(1.123.390)	(949.350)	(1.242.056)	(1.325.202)	(1.130.224)
		(2.811.295)	(2.621.770)	(2.583.131)	(3.349.034)	(3.193.477)	(3.126.118)
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir		374.297	250.920	326.038	661.093	429.872	613.304
Afskriftir fastafjármuna	7	(112.446)	(94.335)	(98.871)	(170.192)	(160.148)	(162.332)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		261.851	156.585	227.167	490.900	269.724	450.972
Fjármunatekjur	5	38.397	56.500	58.883	24.303	36.102	41.150
Fjármagnsgjöld	5	(61.025)	(107.700)	(108.235)	(78.293)	(138.682)	(142.138)
Rekstrarafkoma ársins		239.222	105.385	177.815	436.910	167.144	349.984

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir					
Fasteignir, lóðir og lendur	7	3.690.014	3.357.773	4.397.819	3.997.347
Veitukerfi	7	0	0	389.192	393.926
Hafnarmannvirki	7	0	0	1.176.459	1.119.189
Gatnakerfi	7	803.648	822.347	803.648	822.347
Áhöld og tæki	7	233.248	188.202	278.290	222.119
		4.726.910	4.368.322	7.045.407	6.554.929
Áhættufjármunir og langtímakröfur					
Eignarhlutir í félögum	8	307.415	307.415	307.460	307.460
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B		730.892	757.246	0	0
		1.038.307	1.064.660	307.460	307.460
		5.765.217	5.432.982	7.352.866	6.862.389
Veltufjármunir					
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	10	173.746	172.274	201.879	199.132
Næsta árs afborganir langtímakrafna		21.766	20.775	0	0
Aðrar skammtímakröfur	10	42.189	44.104	49.512	49.281
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B		0	10.263	0	0
Sjóður og bankainnistæður	10	160.260	173.855	309.966	332.450
		397.961	421.271	561.357	580.863
Eignir		6.163.178	5.854.253	7.914.224	7.443.252

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eigið fé og skuldir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	11	4.186.750	3.846.250	5.807.390	5.269.202
		<u>4.186.750</u>	<u>3.846.250</u>	<u>5.807.390</u>	<u>5.269.202</u>
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	12	674.189	640.519	726.853	689.784
		<u>674.189</u>	<u>640.519</u>	<u>726.853</u>	<u>689.784</u>
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	13	764.359	855.553	920.249	1.020.491
Búseturéttur	13	0	0	43.531	25.206
		<u>764.359</u>	<u>855.553</u>	<u>963.780</u>	<u>1.045.697</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir	15	76.631	88.638	91.871	108.404
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	82.075	109.457	98.986	125.186
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga	12	33.353	31.700	36.063	34.146
Skuld við eigin fyrirtæki B		176.654	127.183	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	15	169.167	154.954	189.281	170.833
		<u>537.881</u>	<u>511.932</u>	<u>416.201</u>	<u>438.568</u>
Skuldir		<u>1.976.429</u>	<u>2.008.003</u>	<u>2.106.834</u>	<u>2.174.050</u>
Eigið fé og skuldir		<u>6.163.178</u>	<u>5.854.253</u>	<u>7.914.224</u>	<u>7.443.252</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	2024	Áætlun 2024	2023	2024	Áætlun 2024	2023
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarafkoma ársins	239.222	105.385	177.815	436.910	167.144	349.984
Afskriftir 6	112.446	94.335	98.871	170.192	160.148	162.332
(Hagnaður) af sölu fastafjármuna	(2.902)	0	0	(2.902)	0	(32.970)
Eftirgjöf skulda	(44.641)	0	0	(44.641)	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	69.552	25.000	110.682	74.891	24.500	115.170
Verðbætur af skuldum og eignum	40.973	165.000	82.519	49.301	208.000	97.132
Veltufé frá rekstri	414.651	389.720	469.887	683.751	559.792	691.647
Óinnheimtar tekjur, breyting	(1.472)	0	(21.158)	(637)	0	(21.539)
Rekstrartengdar eignir, breyting	1.929	(10.000)	(2.446)	(2.328)	(2.000)	(4.087)
Rekstrartengdar skuldir, breyting	2.143	71.425	27.994	1.852	64.940	30.370
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	(34.229)	(25.000)	(27.770)	(35.906)	(25.000)	(27.770)
Handbært fé frá rekstri	383.020	426.145	446.508	646.733	597.732	668.622
Fjárfestingahreyfingar						
Varanlegir rekstrarfjármunir 7	(366.887)	(259.000)	(469.221)	(598.417)	(593.420)	(637.931)
Framlag ríkis vegna hafnarmannvirkja ...	0	0	0	41.895	169.975	68.442
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	25.362	0	34.375	0	0	0
	(341.525)	(259.000)	(434.846)	(556.522)	(423.445)	(569.489)
Fjármögnunarhreyfingar						
Afborganir langtímaskulda	(114.826)	(205.000)	(138.210)	(131.020)	(239.000)	(163.232)
Breyting hlutaréttar	0	0	0	18.325	0	(7.791)
Skammtímakrafa á B hluta	59.735	(21.235)	53.257	0	0	0
	(55.091)	(226.235)	(84.953)	(112.695)	(239.000)	(171.023)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(13.596)	(59.090)	(73.291)	(22.485)	(64.713)	(71.890)
Handbært fé í upphafi árs	173.855	173.855	247.146	332.450	332.450	404.340
Handbært fé í lok árs	160.260	114.765	173.855	309.966	267.737	332.450

1. Almennar upplýsingar

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustumiðstöð, ásamt hlutdeild þess í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félagaformum þeirra aðila sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags. Eitt félag heyrir þar undir og er það Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Félagsheimilið á Klifi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir, Húsnæðisnefnd, Dvalarheimilið Jaðar og Leiguíbúðir með hlutareign.

Ársreikningur Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning A- og B-hluta.

Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustustöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja: Hafnarsjóður, Félagsheimilið á Klifi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir, Húsnæðisnefnd, Dvalarheimilið Jaðar og Leiguíbúðir með hlutareign. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

Skýring gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við áænti mvntar árslok oa er áfallinn áæntismunur færður í rekstrarreikningna á meðal fjármaansliða.

Niðurfærsla eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreakningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýfast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigininni í tekiuhæft ástand.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutækjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutækna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti, og bókfært virði þeirra uppfært ef endurmetið verð þeirra er 5% umfram bókfært verð, sbr. álit reikningsskila og upplýsinganefndar 2/2010. Endurmat lóða oa lendna er fært á eiginfiárreikningna.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum nýtingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	50 ár
Gatnakerfi	50 ár
Veitukerfi	50 ár
Aðrar eignir	5 til 30 ár

Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs.

Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreakningur til að mæta huqsanlequ tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við qildandi áænti eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekens atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söluðegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútspreymis sem ábvraðirnar kunna að valda í framtíðinni.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins fyrir árið 2024 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2024	Áætlun 2024	2023	2024	Áætlun 2024	2023
Útsvar og fasteignaskattur						
Útsvör	1.639.907	1.561.000	1.535.830	1.639.907	1.561.000	1.535.830
Fasteignaskattur	226.219	217.000	209.678	226.219	217.000	209.678
Lóðarleiga	69.680	67.000	64.629	69.680	67.000	64.629
	<u>1.935.805</u>	<u>1.845.000</u>	<u>1.810.137</u>	<u>1.935.805</u>	<u>1.845.000</u>	<u>1.810.137</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs						
Framlag til samstarfsverkefna	136.761	0	105.895	136.761	0	105.895
Framlag vegna fasteignagjalda	140.476	137.000	122.575	140.476	137.000	122.575
Almennt grunnskólaframlag	191.458	203.200	210.468	191.458	203.200	210.468
Framlag vegna sérþarfa barna	7.161	5.000	5.387	7.161	5.000	5.387
Aukaframlag	4.670	5.500	5.429	4.670	5.500	5.429
Framlag vegna nýbúa	9.908	11.000	6.970	9.908	11.000	6.970
Útgjaldajöfnunarframlag	298.011	300.000	300.091	298.011	300.000	300.091
	<u>788.446</u>	<u>661.700</u>	<u>756.814</u>	<u>788.446</u>	<u>661.700</u>	<u>756.814</u>
Aðrar tekjur						
Þjónustutekjur.....	306.583	287.840	247.589	1.122.490	1.031.707	1.023.813
Endurgreiðslur	65.297	38.570	53.205	63.680	38.570	53.776
Aðrar tekjur	89.461	39.580	41.423	99.705	46.372	94.881
	<u>461.341</u>	<u>365.990</u>	<u>342.218</u>	<u>1.285.875</u>	<u>1.116.649</u>	<u>1.172.470</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>3.185.592</u>	<u>2.872.690</u>	<u>2.909.169</u>	<u>4.010.126</u>	<u>3.623.349</u>	<u>3.739.422</u>

Álagningarhlutföll

	2024	2023	
Útsvar	14,97%	14,74%	
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði	0,44%	0,44%	A - flokkur
Fasteignaskattar - opinberar byggingar	1,32%	1,32%	B - flokkur
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land	1,55%	1,55%	C - flokkur

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2024	Áætlun 2024	2023	2024	Áætlun 2024	2023
Laun og launatengd gjöld	1.663.544	1.468.380	1.523.098	2.032.086	1.838.275	1.878.172
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	69.552	30.000	67.217	74.891	30.000	70.340
Vegna A deildar Brúar lífeyrissj.	0	0	43.465	0	0	47.382
	<u>1.733.096</u>	<u>1.498.380</u>	<u>1.633.781</u>	<u>2.106.978</u>	<u>1.868.275</u>	<u>1.995.894</u>
	<u>2024</u>	<u>2023</u>	<u>2022</u>	<u>2021</u>	<u>2020</u>	<u>2019</u>
Stöðugildi í árslok	152	151	147	143	145	145
					<u>2024</u>	<u>2023</u>
Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar og bæjarstjóra.					63.307	60.280

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2024	Áætlun 2024	2023	2024	Áætlun 2024	2023
Vaxtatekjur af bankareikn.	6.799	5.000	13.327	18.902	7.500	27.517
Vaxtatekjur af skuldabréf.	26.293	48.000	41.056	(3)	25.000	9.014
Söluhagnaður hlutabréfa	1.633	1.500	1.583	1.633	1.500	1.583
Arður af hlutabréfaeign	335	500	335	335	525	363
Vaxtatekjur af viðskiptakr.	1.123	1.500	1.123	1.222	1.577	1.213
Vaxtatekjur samstarfsverkefna	2.214	0	1.460	2.214	0	1.460
	38.397	56.500	58.883	24.303	36.102	41.150

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af skammtímask	0	0	0	(232)	(409)	(322)
Vaxtagjöld og verðbætur	(55.604)	(105.000)	(101.739)	(69.957)	(135.000)	(132.178)
Önnur vaxtagjöld	(4.293)	(2.700)	(5.288)	(6.976)	(3.273)	(8.429)
Vaxtagjöld samstarfsverkefna	(1.128)	0	(1.209)	(1.128)	0	(1.209)
	(61.025)	(107.700)	(108.235)	(78.293)	(138.682)	(142.138)
	(22.628)	(51.200)	(49.353)	(53.990)	(102.580)	(100.988)

6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	2024	Áætlun 2024	2023
Skatttekjur	2.587.490	2.506.700	2.461.057
Félagsþjónusta	(306.940)	(307.830)	(274.489)
Heilbrigðismál	(2.129)	(1.000)	(1.607)
Fræðslu- og uppeldismál	(1.145.981)	(1.121.415)	(1.052.888)
Menningarmál	(97.307)	(72.930)	(77.814)
Æskulýðs- og íþróttamál	(286.594)	(265.625)	(257.507)
Brunamál og almannavarnir	5.484	(39.350)	(39.034)
Hreinlætismál	(15.700)	(25.315)	(54.819)
Skipulags- og byggingarmál	(85.359)	(91.225)	(81.682)
Umferðar- og samgöngumál	(25.255)	(16.900)	(10.467)
Umhverfismál	(44.083)	(55.090)	(50.666)
Atvinnumál	(8.804)	(16.475)	(8.895)
Sameiginlegur kostnaður	(204.070)	(183.740)	(172.326)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(67.475)	(30.500)	(111.739)
Óvenjulegir liðir	(1.514)	(76.015)	(1.514)
Fjármunatekjur og fjármagnsgj.	52.237	46.800	60.642
Aðalsjóður samtals	353.999	250.090	326.250

A-hluta stofnanir:

Eignasjóður	(116.301)	(139.510)	(149.520)
Þjónustumiðstöð	(367)	(5.195)	(4.626)
Hlutur í samstarfsverkefnum (Félags- og skólþjónusta Snæfellinga)	1.892	0	5.711
A hluti samtals	239.222	105.385	177.815

B-hluta stofnanir:

Hafnarsjóður	117.499	68.239	149.241
Félagsheimilið Röst	(388)	(2.695)	(840)
Félagsheimilið Klif	24.678	(7.155)	162
Dvalarheimilið Jaðar	30.565	6.990	(738)
Veitustofnanir	24.536	3.975	1.034
Íbúðir með hlutareign	(2.198)	(7.040)	(7.388)
Húsnæðisnefnd	2.997	(555)	30.700
	197.688	61.759	172.169
A og B hluti samtals	436.910	167.144	349.984

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Sveitarsjóður

	Fasteignir og ljósleiðari	Lóðir og lendum	Gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	2.831.011	1.904.079	934.975	499.253	6.169.318
Breyting á hlutdeild samstarfsverkefna	147			8	156
Sérstakt endurmat		101.100			101.100
Eignfært á árinu	289.532	5.240		78.115	372.887
Selt og aflagt á árinu	(13.980)				(13.980)
Staða í árslok	3.106.711	2.010.419	934.975	577.376	6.629.481
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	1.204.520	172.798	112.628	311.051	1.800.996
Breyting á hlutdeild samstarfsverkefna	7			3	11
Afskrift ársins	45.755	14.918	18.700	33.074	112.446
Selt og aflagt á árinu	(10.882)				(10.882)
Staða í árslok	1.239.399	187.716	131.328	344.128	1.902.571
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	1.626.491	1.731.281	822.347	188.202	4.368.322
Bókfært verð í árslok	1.867.311	1.822.703	803.648	233.248	4.726.910

Afskriftarhlutföll 0-2% 2% 2% 10%

A og B hluti

	Fasteignir, lóðir og lendum	Gatnakerfi	Veitukerfi	Hafnar- mannvirki	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð						
Staða í ársbyrjun	5.895.214	934.975	946.992	1.510.392	589.060	9.876.634
Breyting á hlutd. samstarfsv.	147				8	156
Sérstakt endurmat	101.100					101.100
Eignfært á árinu	379.119	0	1.367	85.520	96.516	562.522
Selt og aflagt á árinu	(13.980)			0		(13.980)
Staða í árslok	6.361.601	934.975	948.359	1.595.912	685.584	10.526.431
Afskriftir						
Staða í ársbyrjun	1.897.867	112.628	553.066	391.203	366.942	3.321.705
Breyting á hlutd. samstarfsv.	7				3	11
Afskrift ársins	76.790	18.700	6.102	28.251	40.350	170.192
Selt og aflagt á árinu	(10.882)					(10.882)
Staða í árslok	1.963.782	131.328	559.167	419.454	407.295	3.481.026
Bókfært verð						
Bókfært verð í ársbyrjun	3.997.347	822.347	393.926	1.119.189	222.119	6.554.929
Bókfært verð í árslok	4.397.819	803.648	389.192	1.176.459	278.289	7.045.406
Afskriftarhlutföll	2%	2%	2%	3%	10-20%	

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok:

	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Sveitarsjóður			
Skólahúsnæði	536.875	2.470.880	360.337
Leikskólahúsnæði	102.280	391.900	170.656
Íþróttamannvirki	434.760	1.645.800	585.108
Annað húsnæði	1.122.695	2.862.579	751.210
Aðrar eignir	466.130	0	2.626.350
Lausafjármunir	0	0	233.248
	2.662.740	7.371.159	4.726.910
B-hluta stofnanir			
Húsnæðisnefnd	462.300	1.161.050	244.728
Dvalarheimili	213.200	840.400	151.471
Hafnarsjóður	47.310	190.050	1.300.355
Annað húsnæði	333.351	1.168.970	187.710
Veitustofnanir	0	2.100.657	389.192
Lausafjármunir	0	0	45.041
	1.056.161	5.461.127	2.318.496

Fjárfestingar

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2024 greinist þannig:

	Fjárfesting 2024	Áætlun 2024
Sveitasjóður		
Fasteignir:		
Leikskólar	64.925	27.000
Grunnskólar	76.662	35.000
Íþróttamannvirki	111.164	26.000
Aðrar fasteignir og lóðir	32.136	100.500
Hlutur í samstarfsverkefnum (Félags- og skólapjónusta Snæfellinga)	0	0
	284.887	188.500
Gatna- og umferðarmannvirki:		
Gatnaframkvæmdir	6.788	8.500
	6.788	8.500
Áhöld og búnaður:		
Búnaður, leikskólar	3.703	2.000
Búnaður, grunnskólar	10.965	8.500
Búnaður, íþróttamannvirki	5.926	2.000
Tölvur, búnaður og aðrir lausafjármunir	54.618	49.500
	75.212	62.000
A hluti	366.887	259.000
B hluti:		
Hafnarsjóður		
Hafnarmannvirki	82.592	60.465
Fasteignir	31.149	44.500
Aðrir lausafjármunir	17.737	480
	131.479	105.445
Aðrar B hluta stofnanir		
Félagsheimilið Röst	664	5.000
Félagsheimilið Klifi	27.262	25.000
Fráveita	1.367	4.000
Jaðar	18.609	25.000
Íbúðir aldraðra	2.628	0
Húsnæðisnefnd	7.627	0
	58.156	59.000
B hluti	189.635	164.445
Samtals A og B hluti	556.522	423.445

8. Eignarhlutar í félögum

	Hlutdeild	A hluti Nafnverð	Bókfært verð	Hlutdeild	A og B hluti Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutar í félögum:						
Sorpurðun Vesturlands	12,87%	2.861	2.861	12,87%	2.861	2.861
Lánasjóður sveitarfélaga ohf	1,77%	88.300	156.449	1,77%	88.300	156.449
Landskerfi bókasafna		461	461		461	461
Símenntunarmiðstöð Vesturlands		215	215		215	215
Orkuveita Staðarsveitar	68,69%	25.883	26.011	68,69%	25.883	26.011
Jeratún ehf	44,00%	121.218	121.218	44,00%	121.218	121.218
Snælda ehf	10,00%	200	200	10,00%	200	200
Fiskmarkaður Íslands		0	0		45	45
		239.138	307.415		239.183	307.460

	A hluti		A og B hluti	
Breyting eignarhluta í félögum greinist þannig:	2024	2023	2024	2023
Staða í ársbyrjun	307.415	307.415	307.460	307.460
Staða í árslok	307.415	307.415	307.460	307.460

9. Samstarfsverkefni með ótakmarkaðri ábyrgð

Hlutdeild í samstarfsverkefnum sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins greinast þannig:

	Ábyrgðar hlutur	Afkoma	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (A hluti)	42,57%	1.892	62.245	24.951	37.294

Eftirfarandi tafla sýnir hlutdeild í samstarfsverkefnum sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins en eru ekki færð inni ársreiknings sveitarfélagsins vegna stærðar.

	Ábyrgðar hlutur	Afkoma	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Byggðasamlag Snæfellinga	44,09%	0	0	0	0
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	9,46%	126	25.793	17.020	8.773
Svæðisgarðurinn Snæfellsnes	44,09%	0	0	0	0
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	9,30%	286	3.141	851	2.290

10. Aðrar peningalegar eignir

Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur

	A hluti		A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Innlendar viðskiptakröfur	1.220	2.789	1.220	2.789
Óinnheimtar tekjur	273.286	246.328	302.871	275.186
Óbein niðurfærsla	(100.760)	(76.843)	(102.212)	(78.843)
	173.746	172.274	201.879	199.132

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Aðrar skammtímakröfur

	A hluti		A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Virðisaukaskattur	11.869	11.708	11.869	11.708
Aðrar skammtímakröfur	30.320	32.396	37.643	37.573
	42.189	44.104	49.512	49.281

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

	A hluti		A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	160.260	173.855	309.966	332.450
	160.260	173.855	309.966	332.450

11. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2023	3.413.216	4.764.910
Endurmat lóða og lenda	187.900	187.900
Lífeyrisskuldbinding færð milli sjóða	67.364	(33.547)
Rekstrarafkoma ársins	177.815	349.984
Breyting á hlutd. samstarfsv.	(44)	(44)
Eigið fé 1.1.2024	3.846.250	5.269.202
Endurmat lóða og lenda	101.100	101.100
Rekstrarafkoma ársins	239.222	436.910
Breyting á hlutd. samstarfsv.	177	177
Eigið fé 31.12.2024	4.186.750	5.807.390

12. Lífeyrisskuldbinding

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni.

Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu 2024 greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári	672.219	589.306	723.931	602.983
Áður ófærð lífeyrisskuldbinding	0	0	0	33.547
Gjaldfært á árinu	69.552	67.217	74.891	67.788
Gjaldfært vegna uppgjörs A deildar Brúar	0	43.465	0	47.382
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar á árinu	(34.229)	(27.770)	(35.906)	(27.770)
Lífeyrisskuldbindingar í árslok	707.542	672.219	762.916	723.931
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga	(33.353)	(31.700)	(36.063)	(34.146)
Langtímahluti lífeyrisskuldbindinga í árslok 2024	674.189	640.519	726.853	689.784

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

	A hluti		A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Árin 2025-2029 / 2024-2028	178.457	169.530	193.438	183.109
Árin 2030-2034 / 2029-2033	175.775	166.811	190.876	180.844
Árin 2035-2039 / 2034-2038	148.201	140.633	160.673	152.338
Síðar	205.109	195.244	217.930	207.639
	707.542	672.219	762.916	723.931

13. Langtímaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Skuldir við lánastofnanir ISK	846.435	965.009	1.019.235	1.145.676
	846.435	965.009	1.019.235	1.145.676
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(82.075)	(109.457)	(98.986)	(125.186)
Langtímaskuldir í árslok	764.359	855.553	920.249	1.020.491

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Næsta árs afborganir	82.075	109.457	98.986	125.186
Afborganir 2026 / 2025	83.635	81.533	100.989	97.674
Afborganir 2027 / 2026	85.230	83.022	103.039	99.586
Afborganir 2028 / 2027	86.862	84.544	105.138	101.543
Afborganir 2029 / 2028	88.531	86.102	105.106	103.546
Afborganir síðar	420.102	520.352	505.977	618.141
	846.435	965.009	1.019.235	1.145.676

14. Búseturéttur

	A og B hluti	
	2024	2023
Staða í ársbyrjun	25.206	32.997
Innborgað á árinu	17.004	0
Verðbreytingar	1.321	2.587
Fært út á árinu	0	(10.378)
Staða í árslok	43.531	25.206

15. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Innlendar viðskiptaskuldir	76.631	88.638	91.871	108.404
	76.631	88.638	91.871	108.404

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	A hluti		A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Næsta árs afb. - skuldir við lánast.	82.075	109.457	98.986	125.186
	82.075	109.457	98.986	125.186

Viðskiptaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Virðisaukaskattur	0	0	1.878	1.364
Fyrirframinnheimtar tekjur	780	1.604	1.975	1.639
Ógreidd laun og launatengd gjöld	156.655	142.145	172.444	155.269
Ógreiddir áfallnir vextir	5.899	6.668	7.151	8.025
Aðrar skuldir	5.833	4.537	5.833	4.537
	169.167	154.954	189.281	170.833

16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

17. Kennitölur

Í hlutfalli við rekstrartekjur:

	A hluti		A og B hluti	
	2024	Áætlun 2024	2024	Áætlun 2024
Skatttekjur	60,77%	64,23%	48,27%	50,92%
Framlög jöfnunarsjóðs	24,75%	23,03%	19,66%	18,26%
Skatttekjur samtals.....	85,52%	87,26%	67,93%	69,18%
Aðrar tekjur	14,48%	12,74%	32,07%	30,82%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld.....	(52,22%)	(51,12%)	(50,67%)	(50,73%)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	(2,18%)	(1,04%)	(1,87%)	(0,83%)
Annar rekstrarkostnaður án afskrifta	(33,85%)	(39,11%)	(30,97%)	(36,57%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	11,75%	8,73%	16,49%	11,86%
Afskriftir.....	(3,53%)	(3,28%)	(4,24%)	(4,42%)
Fjármagnsliðir, nettó.....	(0,71%)	(1,78%)	(1,35%)	(2,83%)
Rekstrarniðurstaða.....	7,51%	3,67%	10,90%	4,61%
Handbært fé frá rekstri	12,02%	14,83%	16,13%	16,50%
Fjárfestingahreyfingar	(10,72%)	(9,02%)	(13,88%)	(11,69%)

Í þúsundum króna á íbúa:

Rekstur:				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	1.558	1.477	1.558	1.477
Aðrar tekjur.....	1.822	1.693	736	658
Rekstrartekjur samtals.....	3.381	3.170	2.294	2.135
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir.....	(1.686)	(1.631)	(2.044)	(2.037)
Rekstrarniðurstaða ársins	1.695	1.539	250	98
Efnahagur:				
Eignir.....	3.526	3.450	4.528	4.386
Eigið fé.....	2.395	2.266	3.322	3.105
Lífeyrisskuldbindingar.....	386	377	416	406
Skuldir með skuldbindingum.....	1.131	1.183	1.205	1.281
Skuldir án skuldbindinga.....	745	806	789	875
Skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum.....	158	129	95	64
Skuldir að frádregnum peningalegum eignum.....	903	935	884	939
Úr sjóðstreymi:				
Veltufé frá rekstri.....	237	277	391	408
- í hlutfalli (%) við skuldir án skuldbindinga.....	32%	34%	50%	47%
- mælt í árum.....	3	3	2	2
Handbært fé frá rekstri.....	219	263	370	394
- í hlutfalli (%) við langtímaskuldir.....	50%	52%	67%	64%
- mælt í árum.....	2	2	1	2

Aðrar lykiltölur:

Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir.....	0,74	0,82	1,35	1,32
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn.....	67,93%	65,70%	73,38%	70,79%

Kostnaður per stöðugildi:	A og B hluti	
	2024	2023
Launakostnaður per stöðugildi.....	13.402	12.463
Annar rekstrarkostnaður per stöðugildi.....	8.191	7.500

17. Kennitölur (framhald)

Fimm ára yfirlit sveitarsjóðs:

	Árið 2024	Árið 2023	Árið 2022	Árið 2021	Árið 2020
Íbúafjöldi:					
Í ársbyrjun.....	1.697	1.683	1.670	1.688	1.677
Breyting á árinu.....	51	14	13	(18)	11
Í árslok.....	1.748	1.697	1.683	1.670	1.688

Í hlutfalli við rekstrartekjur

Skatttekjur	60,77%	62,22%	60,91%	62,10%	64,99%
Framlög jöfnunarsjóðs	24,75%	26,01%	24,84%	24,93%	22,20%
Skatttekjur samtals.....	85,52%	88,24%	85,75%	87,03%	87,19%
Aðrar tekjur	14,48%	11,76%	14,25%	12,97%	12,81%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%

Laun og launatengd gjöld.....	52,22%	52,36%	51,59%	55,78%	56,56%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	2,18%	3,80%	1,95%	5,03%	1,13%
Annar rekstrarkostnaður.....	33,85%	32,63%	32,86%	32,94%	33,75%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	11,75%	11,21%	13,60%	6,25%	8,56%
Afskriftir.....	3,53%	3,40%	3,46%	3,61%	3,90%
Rekstrargjöld.....	91,78%	92,19%	89,86%	97,37%	95,34%
Fjármagnsliðir, nettó.....	(0,71%)	(1,70%)	(2,33%)	(1,65%)	(1,47%)
Rekstrarniðurstaða.....	7,51%	6,11%	7,81%	0,98%	3,19%

Í þúsundum króna á íbúa:

Rekstur:

Skatttekjur.....	1.107	1.067	957	880	819
Jöfnunarsjóður.....	451	446	390	353	280
Aðrar tekjur.....	264	202	224	184	161
	1.822	1.714	1.571	1.417	1.260

Laun og launatengd gjöld.....	(991)	(963)	(841)	(861)	(727)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	(40)	(65)	(31)	(71)	(425)
Annar rekstrarkostnaður.....	(617)	(559)	(516)	(467)	(18)
Fjármagnsliðir, nettó.....	(13)	(29)	(37)	(23)	(49)
Afskriftir.....	(64)	(58)	(54)	(51)	(45)
	(1.686)	(1.610)	(1.448)	(1.403)	(840)

Rekstrarafkoma samtals.....	137	105	123	14	420
-----------------------------	-----	-----	-----	----	-----

17. Kennitölur (framhald)

Efnahagur:	Árið 2024	Árið 2023	Árið 2022	Árið 2021	Árið 2020
Eignir.....	3.526	3.450	3.191	3.035	2.789
Eigið fé.....	2.395	2.266	2.028	1.882	1.793
Lífeyrisskuldbindingar.....	386	377	335	324	265
Skuldir án skuldbindingum.....	745	806	827	829	731
Sjóðstreymi:					
Handbært fé frá rekstri.....	219,1	263,1	235,1	105	124
Aðrar lykiltölur:					
Veltufjárlutfall.....	0,74	0,82	0,91	0,76	0,76
Eiginfjárlutfall.....	67,93%	65,70%	63,56%	62,01%	64,29%

Heildar skuldir og skuldbindingar A- og B- hluta skulu ekki vera hærri en 150% af reglulegum tekjum, skv 2 tölulið 64. gr. Sveitarstjórnarlaga.

	A hluti		A og B hluti	
	2024	2023	2024	2023
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og vexti (EBITDA).....	374.297	326.038	661.093	613.304
Framlegðarlutfall rekstrar.....	11,75%	11,21%	16,49%	16,40%
Skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsl viðmið sveitarf.....	43,11%	47,83%	33,10%	37,05%
Skuldahlutfall.....	62,04%	69,02%	52,54%	58,14%

18. Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2024 samkvæmt upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur.....	1.743.000	102.000	1.845.000	1.743.000	102.000	1.845.000
Framlag úr jöfnunarsjóð.....	653.500	8.200	661.700	653.500	8.200	661.700
Aðrar tekjur.....	591.340	(225.350)	365.990	1.394.989	(278.340)	1.116.649
	<u>2.987.840</u>	<u>(115.150)</u>	<u>2.872.690</u>	<u>3.791.489</u>	<u>(168.140)</u>	<u>3.623.349</u>
Rekstrartekjur						
Laun og launatengd gjöld.....	(1.487.975)	(10.405)	(1.498.380)	(1.855.780)	(12.495)	(1.868.275)
Annar rekstrarkostnaður.....	(1.249.000)	125.610	(1.123.390)	(1.506.006)	180.804	(1.325.202)
Afskriftir.....	(94.280)	(55)	(94.335)	(160.143)	(5)	(160.148)
	<u>(2.831.255)</u>	<u>115.150</u>	<u>(2.716.105)</u>	<u>(3.521.929)</u>	<u>168.304</u>	<u>(3.353.625)</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda.....	156.585	0	156.585	269.560	164	269.724
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(51.200)	0	(51.200)	(102.416)	(164)	(102.580)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>105.385</u>	<u>0</u>	<u>105.385</u>	<u>167.144</u>	<u>0</u>	<u>167.144</u>

19. Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2024 samkvæmt upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarafkoma ársins.....	105.385	0	105.385	167.144	0	167.144
Afskriftir.....	94.280	55	94.335	160.143	5	160.148
Breyting á lífeyrisskuldbindingu....	25.000	0	25.000	24.500	0	24.500
Verðbætur og gengismunur.....	165.000	0	165.000	208.000	0	208.000
Veltufé frá rekstri	<u>389.665</u>	<u>55</u>	<u>389.720</u>	<u>559.787</u>	<u>5</u>	<u>559.792</u>
Rekstartengdar eignir, breyting...	(8.575)	(1.425)	(10.000)	(2.045)	45	(2.000)
Rekstartengdar skuldir, breyting..	55.000	16.425	71.425	49.985	14.955	64.940
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	(25.000)	0	(25.000)	(25.000)	0	(25.000)
Handbært fé frá rekstri	<u>411.090</u>	<u>15.055</u>	<u>426.145</u>	<u>582.727</u>	<u>15.005</u>	<u>597.732</u>
Fjárfestingahreyfingar						
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	(259.000)	0	(259.000)	(593.420)	0	(593.420)
Framlag ríkisins vegna hafnar.....	0	0	0	169.975	0	169.975
	<u>(259.000)</u>	<u>0</u>	<u>(259.000)</u>	<u>(423.445)</u>	<u>0</u>	<u>(423.445)</u>
Fjármögnunarhreyfingar						
Afborganir langtímaskulda.....	(205.000)	0	(205.000)	(239.000)	0	(239.000)
Skammtímakrafa á B hluta	30.000	(51.235)	(21.235)	0	0	0
	<u>(175.000)</u>	<u>(51.235)</u>	<u>(226.235)</u>	<u>(239.000)</u>	<u>0</u>	<u>(239.000)</u>
Lækkun handbærs fjárs.....	(22.910)	(36.180)	(59.090)	(79.718)	15.005	(64.713)
Handbært fé í upphafi árs.....	173.855	0	173.855	332.450	0	332.450
Handbært fé í lok árs.....	<u>150.945</u>	<u>(36.180)</u>	<u>114.765</u>	<u>252.732</u>	<u>15.005</u>	<u>267.737</u>

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, með síðari breytingum, og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins frá 26. apríl 2013. Bæjarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Bæjarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlit á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Um áhættustýringu er vísað ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Fjöldi fulltrúa í bæjarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimasíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tölul. 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem bæjarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er bæjarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðum á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í bæjarstjórn eru 7 fulltrúar, þar af eru 3 karlar og 4 konur. Þar sitja nú fulltrúar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað um í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett siðareglur, dags. 2. september 2014, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins (<http://www.snb.is>).

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld sem er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboð íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Einnig eru í gildi siðareglu, dags. 2. september 2014, sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfis, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

